

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 394/1980 um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiða hreyfihamlaðra.

## 1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Uppbót skal á síðari helmingi ársins 1981 nema nýkr. 1 500 og vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 1. gr. laga nr. 36/1980 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1981.*

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Ragnhildur E. Þórðardóttir.*

**REGLUGERÐ**

um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

## 1. gr.

Frá útgáfudegi reglugerðar þessarar þar til annað verður ákveðið eru íslenskum skipum, öðrum en þeim er frá greinir í 2. gr., bannaðar allar loðnuveiðar.

## 2. gr.

Frá og með 10. ágúst 1981, þar til annað verður ákveðið er þeim skipum, er talin eru hér á eftir, heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	skipaskrárnúmer:	Leyfilegt aflamagn:
Albert GK 31 .....	1046	10 800
Ársæll KE 17 .....	0965	9 400
Beitir NK 123 .....	0226	16 800
Bergur VE 44 .....	0968	10 000
Bjarni Ólafsson AK 70 .....	1504	14 800
Börkur NK 122 .....	1293	15 100
Dagfari ÞH 70 .....	1037	10 200
Eldborg HF 13 .....	1525	18 800
Fífill GK 54 .....	1048	11 000
Gígja RE 340 .....	1011	11 900
Gísli Árni RE 375 .....	1002	11 000
Grindvíkingur GK 606 .....	1512	14 800
Guðmundur RE 29 .....	1272	13 300
Gullberg VE 292 .....	1401	10 800
Hafrún ÍS 400 .....	1050	11 000

Nafn skips og umdæmisnúmer:	skipaskrárn.:	Leyfilegt aflamagn:
Haförn RE 69	1061	11 400
Harpa RE 342	1033	11 100
Hákon ÞH 250	1059	12 400
Heimaey VE 54	1035	10 200
Helga II RE 373	1018	10 300
Helga Guðmundsdóttir BA 77	1076	11 900
Hilmir SU 171	1551	16 500
Hilmir II SU 177	1044	10 500
Hrafn GK 12	1006	11 300
Huginn VE 55	1411	10 800
Húnaröst ÁR 150	1070	11 000
Ísleifur VE 63	1056	9 400
Jón Finnsson RE 506	1283	10 800
Jón Kjartansson SU 111	0155	14 800
Júpiter RE 161	0130	16 500
Kap II VE 4	1062	11 400
Keflvíkingur KE 100	0967	10 100
Krossanes SU 5	1020	10 600
Ljósfari RE 102	0973	10 400
Magnús NK 72	1031	10 200
Óskar Halldórsson RE 157	0962	9 400
Pétur Jónsson RE 14	1069	12 500
Rauðsey AK 14	1030	10 500
Seley SU 10	1361	9 400
Sigurður RE 4	0183	17 300
Sigurfari AK 95	1413	12 900
Skarðsvík SH 205	1416	10 800
Skirnir AK 16	0233	9 500
Súlan EA 300	1060	12 400
Svanur RE 45	1029	11 400
Sæberg SU 9	0252	10 700
Sæbjörg VE 56	0989	10 900
Víkingur AK 100	0220	16 800
Víkurberg GK 1	0979	10 200
Þórður Jónasson EA 350	0264	9 900
Þórshamar GK 75	1501	10 700
Örn KE 13	1012	10 600

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt þessari grein verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

### 3. gr.

Skipum þeim er tilgreind eru í 2. gr. eru allar loðnuveiðar bannaðar utan fiskveiðilögsögu Íslands og Jan Mayen.

Á tímabilinu frá og með 10. ágúst til og með 14. september 1981 eru allar loðnuveiðar bannaðar sunnan 68° n.br. og vestan 21° v.lgd.

Íslenskum loðnuskipum er heimilt að veiða samtals 82 615 lestir af loðnu í fiskveiðilögsögu Jan Mayen. Ráðuneytið mun tilkynna hvenær veiðum lýkur á því svæði, og verður afli fenginn eftir þann tíma í fiskveiðilögsögu Jan Mayen gerður upptækur samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

**4. gr.**

Ráðuneytið getur bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum og stöðvað þær alveg í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m. a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar.

Ennfremur getur ráðuneytið ákveðið hækkun eða lækkun á leyfilegu veiðimagni loðnuskipanna, komi til breytinga á leyfilegu heildarveiðimagni.

**5. gr.**

Skipstjórar loðnuveiðiskipa skulu tilkynningaskyldir við loðnunefnd samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirmælum nefndarinnar.

**6. gr.**

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafli fiskiskipa.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

**7. gr.**

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnuninni í nóttinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynast fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

**8. gr.**

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 6. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

**9. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til veiða á smáloðnu til niðurlagningar.

**10. gr.**

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

**11. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júní 1981.*

F. h. r.  
Jón L. Arnalds.

*Jón B. Jónasson.*